

## REGLUGERÐ um breytingu á reglugerð nr. 251/2002 og um niðurfellingu reglugerða.

### 1. gr.

Í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 251/2002 um brennsisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmsloftinu og upplýsingar til almennings falla niður orðin: af völdum ósons.

### 2. gr.

Reglugerð nr. 789/1999 um styrk kolmónoxíðs og fallryks í andrúmslofti, reglugerð nr. 790/1999 um brennisteinsdíoxíð og svifryk í andrúmslofti, reglugerð nr. 792/1999 um blý í andrúmslofti og reglugerð nr. 793/1999 um köfnunarefnisdíoxíð í andrúmslofti falla úr gildi.

### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 11. apríl 2002.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*